

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Hekla Hjaltadóttir í fjarveru Hrafnhildar Önnu Hannesadóttur, Stefan Cristian Otte, Helga Jóhannsdóttir (ritari), Halla Sigrún Arnadóttir, Hildur Sverrisdóttir, Karl Sigurðsson, Ragnar Guðmundson, Margrét Nordahl og Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður).

Dagskrá fundarins :

1. Innlegg formanns skólanefndar (Unnur Lilja).
 - a. Rektor boðinn velkominn. Skólanefnd kýs formann til eins árs í senn – Unnur bíður sig fram áfram og hlýtur einróma stuðning. Stefnt að því að kjósa formann við upphaf hvers skólaárs. Fundarmenn skoða fundargerð síðan síðast og munu senda konrektor athugasemdir ef einhverjar eru.
2. Innlegg rektors (Steinn)
 - a. Starfið á haustönn (nemendur, starfsfólk, almennt). Steinn fór yfir ýmsar tölulegar upplýsingar um starfsfólk, nemendur og skólann.
 - b. Um framkvæmdir í MH. Skólinn var málaður að utan í sumar, skipt um gler í u.þ.b. 90 gluggum og tré felld sem voru farin að ógna skolpleiðslum. Stefnt að því að óska eftir því við Fasteignir ríkissjóðs að fá svaðir á íþróttahúsi yfirbyggðar. Verið að skoða að innleiða rafstýrðra aðgangsstýringu á næsta fjárlagaári, fjárhagslegur hagur af því og augin þægindi fyrir starfsfólk.
 - c. Kynning á foreldrakönnun. Konrektor sagði frá nokkrum atriðum úr könnun meðal foreldra og forráðamanna á kynningarkvöldi 4. sept. Könnunin kom mjög vel út.
 - d. Rekstur og almennar horfur. Ársreikningur er farinn úr húsi og verður kynntur næst. Upplýst um mínusa í launalið og að verið sé að fartölvuvæða og mikið verið að laga og bæta. Velt upp möguleika þess að koma á samgöngustyrk fyrir starfsfólk. Hugmynd kom upp að nemendur sem hjóla í skólann fái það metið sem aukatími í leikfimi (koma þessu að hjá íþróttakennurum). Draumar um rafmagnsstæði og betri flokkun (plast). Leggja áherslu á umhverfismál og jafnvel skoða meira samstarf við erlenda skóla. Blásarar eru að koma á salernin í stað pappírspurrka. Verið að huga að grænu bókhaldi, grænu sporin. Vantar að hugsa betur um grænfánann okkar og skyldur sem fylgja honum. Nokkrir skólar koma til okkar og nota aðstöðuna, Ísaksskóli, dansskólarnir og jákvætt að geta nýtt skólann betur í þágu nemenda.
3. Önnur mál
 - a. Hekla sagði frá Nýnemavikunni – tókst frábærlega og allir sáttir.
 - b. Halla sagði frá valkvæðum greiðslum til foreldrafélagsins sem teknar voru upp í haust. Peninginn á að nota fyrir eitthvað sem gagnast nemendum. Þetta er u.þ.b. 500 þús.kr. á önn.
 - c. Þorgerður er í verkefni með Hamrahlíðarkórnum, svo hann er enn starfandi.
 - d. Hildur leggur til að leigja bílastæði til Reykjavíkurborgar undir eitthvað annað. Þar með hvetja fleiri til að nota aðrar samgöngur. Jafnvel setja körfuboltavöll í stað bílastæðis (Margrét benti á að það hafði komið hugmynd frá hverfinu um það).
 - e. Unnur spurðist fyrir hvort heimasíða skólans hefði verið yfirfarin m.t.t. orðnotkun út frá jafnréttissjónarmiðum (kynjagleraugum). Hrósaði því að hún liti vel út, við lauslega skoðun. Upplýst að stjórnendum væri annt um jafnréttismál..
 - f. Staða konrektors verður auglýst í október, ráðið frá 1. jan.
 - g. Steinn mun reyna að virkja hollvinasamtökin betur – langar að bjóða útskriftarargöngum í heimsókn á hverju vori.
 - h. Formaður kallar eftir að fá upplýsingar vegna fjárhagsáætlun fyrir næsta fund.

Næsti fundur miðvikudaginn 7. nóvember.

Ritari: Helga Jóhannsdóttir